

## Baðstofulíf-eintak kennara

### -samanburður á málverki og ljósmynd-

Fyrir tíma ljósmynda á Íslandi voru myndir málaðar.

Í Þjóðminjasafni Íslands má finna gamalt málverk sem danskur maður málaði árið 1861 þegar hann var í heimsókn á Íslandi.



Málverkið sýnir fólk í baðstofu í torfbæ á dimmu vetrarkvöldi. Baðstofan var herbergi í torfbænum þar sem fólk hélt til á kvöldin, sérstaklega á veturna. Það notaði tímann á kvöldin til þess að búa til band úr ullinni, þrjúna, búa til skó og fleira sem ekki gafst tími til á daginn. Oft var einhver sem las, söng eða sagði sögur til þess að stytta hinum stundina. Þá var hvorki til útvarp né sjónvarp. Þessi kvöldstund kallaðist *kvöldvaka*. Í baðstofunni svaf fólkið líka og borðaði matinn sinn, sitjandi á rúmstokknum með askinn sinn í kjöltunni.

**Skoðaðu málverkið vel og svaraðu síðan spurningum á næstu blaðsíðu**

1. Hvað eru margir á myndinni?

Börn: 3 börn

Fullorðnir: 9 eða 10 (gæti verið manneskja að koma inn um dyrnar en það sést mun betur ef myndin er skoðuð á safninu sjálfu), hvað halda nemendur?)

2. Hvaða dýr er á myndinni? Köttur

3. Hvort heldur þú að fólkið sé ríkt eða fátækt? \_\_\_\_\_

Af hverju heldur þú það?

---

---

4. Hvað er fólkið að gera? Lýstu því sem þú sérð á myndinni

Annað hvort svara nemendur skriflega en eins gæti verið gott að koma af stað umræðu um myndirnar í kennslustund.

Benda t.d. á að maður til vinstri er að skera út (ef til vill að búa til leikfang), maður að lesa í bók fyrir hina, barn fylgist með lestrinum (láta nemendur velta fyrir sér hvað maðurinn er að lesa), annað barn að leika sér, stelpan virðist vera að skoða eitthvað, kannski bók. Kona er að spinna, maður að kemba, kona að sauma út hjá ljósinu. Benda nemendum á hvað er dimmt í baðstofunni, einungis eitt ljós þar inni.

**ATH: Ef verkefnið er unnið í Þjóðminjasafninu, þá hentar vel að fara upp á þriðju hæð og skoða málverkið þar með nemendum og gera verkefnið.** Þar á sama stað er baðstofa úr torfbæ sem hægt er að bera saman við myndina. Benda þeim á hluti í baðstofunni sem er að sjá á myndinni, t.d. taka eftir rúmumum, og hvað þau eru lítil, en oft sváfu tveir eða þrír í hverju rúmi. Benda þeim á leikföng barnanna á gólfinu og hlusta eftir söngnum. Eftir að þessum hluta verkefnis lýkur gengur hópurinn niður á fyrstu hæð safnsins og inn í myndasal til að skoða ljósmyndir Bárðar Sigurðssonar. Þar er sniðugt að láta nemendur finna myndina af baðstofu, skoða hana vel, láta þau síðan setjast á gólfið og halda áfram með verkefnið.

Ljósmyndina af fjölskyldu í baðstofu tók ljósmyndarinn Bárður Sigurðsson árið 1906. Hvað eru mörg ár síðan þá? \_\_\_\_\_

Þetta er elsta ljósmyndin sem til er af fólki í baðstofu. Takið eftir hvað eru margir inni í baðstofunni. (þarf að nálgast mynd í stærri upplausn)



**Skóðu myndina vel og svaraðu síðan spurningum á næstu blaðsíðu**

5. Hvað er ólíkt á þessari ljósmynd og málverkinu úr baðstofunni? Hvað er líkt?

Dæmi um það sem er ólíkt: ljósið er nútímalegra, fleiri börn á myndinni, sjáum dót krakkanna vel, virðist vera stærra herbergi, engin kona með skotthúfu, litlar stelpur að þrjóna

Dæmi um það sem er líkt: maður að lesa í bók, maður að kemba, kona að spinna, börn að leika sér,

6. Hvað eru margir fullorðnir á myndinni? 7

Hvað eru mörg börn? 6

Hvað eru margir í þinni fjölskyldu? \_\_\_\_\_

7. Hvað heitir verkfærið með hjólinu á? Rokkur

Til hvers var það notað?

---

---

8. Hvað eru stelpurnar á myndinni að gera? Þær eru að þrjóna

9. Hvað eru strákarirnir að leika sér með? Leggi (notaðir sem hestar í leiknum)

Myndir þú vilja eiga svona leikföng? \_\_\_\_\_

Af hverju/af hverju ekki?

---

---

10. Hvernig eru föt fólksins á myndinni öðruvísi en fötin okkar?

Hægt að benda nemendum á að fötin voru á þessum tíma flest búin til innan veggja heimilanna. Efni voru ofin heima (ef verkefni er gert á safninu, þá má benda á föt á sýningunni úr heimaofnu efni) og saumað úr þeim. Sokkar, peysur, nærföt og fleiri flíkur voru þrjónaðar. Fötin oftast minna skreytt. Ef til vill voru fötin dekkri á litinn, ekki mikið af litskrúðugum fötum eins og börn eru gjarnan í dag.

